

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði 5. gr. a. svohljóðandi:

5. gr. a.

Óveruleg, staðbundin og takmörkuð starfsemi.

Afhending smásölufyrirtækis á matvælum úr dýraríkinu til annarra smásölufyrirtækja eða starfsstöðva telst óveruleg, staðbundin og takmörkuð í skilningi ii. liðar b-liðar, 5. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 853/2004 ef öll eftirfarandi atriði eru uppfyllt:

- a. Óveruleg afhending: Magn matvæla frá smásölufyrirtæki til annarra smásölufyrirtækja eða starfsstöðva er innan við 300 kg á viku að meðaltali á þriggja mánaða tímabili eða ef magn matvæla úr dýraríkinu frá smásölufyrirtæki til annarra smásölufyrirtækja eða starfsstöðva er innan við þriðjungur af heildarsölu fyrirtækisins á slíkum matvælum.
- b. Staðbundin afhending: Smásölufyrirtæki sem afhendir matvæli til smásölufyrirtækja og starfsstöðva hér á landi.
- c. Takmörkuð afhending: Afhending smásölufyrirtækis til annarra smásölufyrirtækja eða starfsstöðva sem dreifa eða markaðssetja matvæli beint til neytenda.

Smásölufyrirtæki sem hyggst nýta sér heimild skv. 1. mgr. skal, ef eftirlitsaðili fer fram á slíkt, leggja fram gögn sem sýna fram á að afhending þess sé óveruleg, staðbundin og takmörkuð í skilningi 1. mgr. Smásölufyrirtækið skal geyma gögn þessa efnis í að minnsta kosti tvö ár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2012.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.